

Aðalfundur Sjóvá-Almennra trygginga hf. 2025

Fundargerð

Fimmtudaginn 13. mars 2025 kl. 15:00 var haldinn aðalfundur Sjóvá-Almennra trygginga hf. Fundurinn var haldinn í fundarsal félagsins að Kringlunni 5, Reykjavík.

Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

- Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu starfsári.
- Endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir síðastliðið reikningsár lagðir fram til samþykktar.
- Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar á síðastliðnu reikningsári.
- Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins.
- Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins.
- Skýrsla tilnefningarnefndar.
- Kosning stjórnar félagsins.
- Kosning endurskoðanda eða endurskoðunarfélags.
- Tilnefning nefndarmanna í endurskoðunarnefnd.
- Ákvörðun um þóknun stjórnar félagsins, undirnefnda og tilnefningarnefndar.
- Tillaga um heimild til kaupa á eigin hlutabréfum.
- Önnur mál löglega upp borin.

Á fundinum lá fyrir ársreikningur félagsins fyrir árið 2024 sem og starfskjarastefna.

Mættir voru til fundar Hermann Björnsson forstjóri félagsins, Björgólfur Jóhannsson formaður stjórnar og stjórnarmennirnir Hildur Árnadóttir, Guðmundur Örn Gunnarsson, Ingi Jóhann Guðmundsson og Ingunn Agnes Kro. Þá sátu fundinn þau Sigríður Soffía Sigurðardóttir og Dána Hilmarsdóttir frá endurskoðanda félagsins KPMG.

Formaður stjórnar setti fundinn og fundurinn kaus Kristínu Edwald sem fundarstjóra og Ásdísi Kjerúlf sem fundarritara. Fundarstjóri fór yfir lögmati fundarins og lýsti hann löglegan að því búnu, enda var fundurinn boðaður með löglegum fyrirvara í samræmi við lög nr. 2/1995 um hlutafélög og samþykktir félagsins.

Áður en gengið var til dagskrár lagði fundarstjóri til að dagskrárliðir 1 og 2 yrðu afgreiddir saman og var sú tillaga samþykkt.

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að mætt væri fyrir hönd 42 hluthafa með samtals 906.199.325 hluti, þ.e. 78,3510 % af atkvæðisbæru hlutafé í félaginu.

1. Skýrsla stjórnar vegna ársins 2024

Björgólfur Jóhannsson stjórnarformaður flutti skýrslu stjórnar þar sem hann fór yfir helstu atburði í sögu félagsins árið 2024. Hann sagði að rekstrarniðurstaða ársins endurspeglaði afar sterkan grunnrekstur félagsins í krefjandi rekstrarumhverfi, einkum vegna óvenju margra brunatjóna. Björgólfur greindi frá því að rekstur váttryggingastarfseminnar hefði einkennst af undirliggjandi hagfelldri tjónaþróun, framþróun á þjónustuleiðum og áframhaldandi áherslum á framúrskarandi þjónustu. Hann sagði að ávöxtun fjárfestingareigna hefði einnig verið góð

miðað við aðstæður og hefði skilað góðri niðurstöðu og samsettu hlutfalli, þar sem hagnaður ársins nam 4.241 m.kr. og arðsemi eiginfjár var 17,5%.

Björgólfur greindi frá því að afkoma af váttryggingarekstri fyrir skatta hefði numið 1.283 m.kr. á árinu samanborið við 1.695 m.kr. árið áður. Samsett hlutfall var 96,2% árið 2024 en 94,6% árið áður. Tekjuvöxtur nam 7,4% sem var í takt við áætlanir en hafa yrði í huga að markaðshlutdeild félagsins hefði vaxið mikið undanfarin ár. Samkvæmt Björgólfi var tjónapróun í takt við áætlanir en stórtjón lituðu afkomu ársins líkt og fyrra ár en jákvæð þróun í afkomu af ökutækjatrýggingum vó upp á móti verri afkomu í eignatjónum þannig að tjónahlutfall stóð nánast í stað á milli ára. Að sögn Björgólfs þróaðist kostnaðarhlutfall í takt við áætlanir og áherslur félagsins og greindi hann frá því að áfram yrði unnið að því að auka skilvirkni með uppbyggingu tækniinnviða til að styðja við hraða afgreiðslu og hátt þjónustustig. Afkoma af fjárfestingarstarfsemi var að sögn Björgólfs mjög góð í ljósi erfiðra eignamarkaða langt framan af ári. Hlutabréfa- og skuldabréfamarkaðir tóku við sér á haustmánuðum með lækkandi verðbólgu og væntingum um að vaxtalækkunarferli gæti hafist sem svo varð raunin. Afkoma af fjárfestingarstarfsemi fyrir skatta nam 3.435 m.kr. og var ávöxtun fjárfestingareigna í stýringu 9,4% á árinu. Fjárfestingatekjur námu 5.474 m.kr. á árinu 2024.

Björgólfur sagði frá því að allt frá skráningu félagsins á markað hefði það verið stefnan að Sjóvá væri arðgreiðslufélag og í framhaldinu fór hann yfir tillögu stjórnar um arðgreiðslu, kr. 2,94 á hlut fyrir rekstrarárið 2024 eða um 3.400 m.kr. Björgólfur fór einnig yfir arðgreiðslustefnu félagsins og gjaldþolsviðmið og kvað gjaldþolið eftir fyrirhugaða greiðslu vera innan þess eða 1,42. Hann sagði fjárhagslegan styrk félagsins mikinn og benti á að eiginfjárlutfall eftir fyrirhugaða arðgreiðslu væri 30,1%. Fjárhagsstaða félagsins væri traust og félagið eftir sem áður fært um að standa þétt við bakið á viðskiptavinum og mæta ófyrirséðum áföllum í rekstri. Greint var frá því að í árslok 2024 hafi hluthafar verið 1.105 en þeir hefðu verið 1.146 í ársbyrjun og því fækkað um 41 á árinu. Eignarhald væri dreift, 51,3% hluta væru í eigu lífeyrissjóða, 36,6% í eigu einstaklinga og fyrirtækja, 6,0% í eigu innlendra verðbréfasjóða, 4,4% í eigu erlendra verðbréfasjóða og 1,7% í eigu fjármálafyrirtækja.

Björgólfur ávarpaði fundarmenn og greindi frá því að Sjóvá hafi ákveðið að marka sér sérstöðu á breyttum váttryggingamarkaði með því að halda skýrri áherslu á sinn grunnrekstur, þ.e. váttryggingar, tjónaþjónustu og forvarnir. Með því að byggja á og efla enn frekar sérþekkingu starfsfólks á þeim sviðum gæti félagið haldið áfram að veita viðskiptavinum framúrskarandi þjónustu og ráðgjöf hverju sinni, með því að greina, skilja og mæta þörfum þeirra. Hann sagði einnig frá þeim áherslum sem félagið hefði byggt á undanfarin ár og mótað árangursríka vegferð félagsins. Nú væri Sjóvá skýr óháður valkostur sem myndi veita sameinuðum félögum banka og tryggingarfélaga aðhald. Björgólfur sagði að vel yrði fylgst með því að ekki verði blandað saman með ólögmætum hætti ótengdum vörum eða skilyrði sett fyrir ótengdum viðskiptum til að njóta hagstæðari kjara. Þá benti hann á að þróunin sem ætti sér nú stað væri ekki ný af nálinni, hvorki hér á landi né í nágrannalöndunum og það yrði að segjast eins og er að sagan væri slíkum samrunum ekki hliðholl. Að lokum benti Björgólfur á að Sjóvá fagnaði samkeppni og tækist á við hana í hvaða mynd sem hún væri á þeim forsendum sem hann hafði áður nefnt.

Þá ávarpaði Björgólfur hluthafa og benti á að í byrjun apríl s.l. voru 10 ár frá skráningu Sjóvár á aðallista kauphallarinnar og að frá þeim tíma hafi Sjóvá orðið að stærsta váttryggingafélagi landsins, skilað jákvæðri afkomu af váttryggingasamningum á hverju ári og ánægja viðskiptavina aukist. Hann sagði sögu félagsins sýna að það hafi staðið undir þeirri höfuðáherslu að vera arðgreiðslufélag sem byggir á öguðum grunnrekstri. Hann sagði einnig frá því að í september 2024 hafi verið gengið frá kaupréttarsamningum við starfsfólk félagsins í samræmi við samþykktu kaupréttaráætlun. Kaupréttur samkvæmt áætluninni næði til allra fastráðinna starfsmanna Sjóvár og markmið

áætlunarinnar væri að samþætta hagsmuni starfsfólks við langtímahagsmuni félagsins og hluthafa þess og að á þessum aðalfundi legði stjórn félagsins til breytingu á starfskjarastefnu þannig að opnað yrði fyrir möguleikum á kaupakum til stjórnenda félagsins. Það væri mikilvægt að mati stjórnar ekki síst í ljósi breytinga á tryggingamarkaði.

Að lokum þakkaði stjórnarformaðurinn starfsmönnum félagsins fyrir góð störf á árinu 2024 og þann eftirtektarverða árangur sem félagið hefði náð með forstjórann Hermann Björnsson í broddi fylkingar. Hann þakkaði einnig stjórn félagsins fyrir samstarfið á árinu, hluthöfum þakkaði hann traustið og viðskiptavinum fyrir tryggð við félagið og samfylgdina á árinu 2024.

2. Endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir árið 2024 lagðir fram til samþykktar

Hermann Björnsson forstjóri félagsins fór yfir ársreikning félagsins, stöðu þess á markaði og það sem hæst bar á árinu. Hann ítrekaði orð stjórnarformannsins um að rekstrarniðurstaða ársins 2024 hafi verið góð og endurspeglaði afar sterkan grunnrekstur félagsins þrátt fyrir krefjandi aðstæður vegna fjölda brunatjóna. Brunatjónin höfðu áhrif á afkomu en undirliggjandi sterkur rekstur mildaði áhrifin sem og endurtryggingavernd sem virkjaðist í tveimur brunatjónum. Jákvæð þróun í ökutækjategyggingum vó upp á móti auknum tjónaþunga í eignatjónum. Fjárfestingar skiluðu góðri afkomu ef frá eru talin óskráð hlutabréf þar sem stærsta einstaka breytingin var á virði eignarhlutar í Controlant sem var færður verulega niður á árinu.

Hermann greindi frá því að á árinu 2024 hafi Sjóvá unnið að fjölbreyttum forvarnarverkefnum með áherslu á að takmarka áhættu og tjón. Félagið hélt fræðsluviðburði og jók áherslu á forvarnir. Í samstarfi við Samgöngustofu hrinti félagið af stað árangursríkri auglýsingaherferð gegn ólögðum notkun farsíma undir stýri. Þá var áralangt og árangursríkt samstarf við Landsbjörg áfram í brennidepli en Hermann benti á að styrkur Sjóvá til endurnýjunar björgunarskipaflotans væri stærsti einstaki styrkurinn sem veittur hefur verið til leitar- og björgunarstarfa á Íslandi og að hann tryggði nú þegar bætt öryggi sjófarenda. Greint var frá því að á árinu 2024 hafi félagið áfram stutt við Grindvíkinga, sem hafa þurft að yfirgefa heimili sín, með því að endurgreiða þeim sem enn voru að greiða af húseignum í bænum iðgjöld bruna- og fasteignatrygginga.

Fjallað var um vildarkerfið Stofn sem fagnaði 30 ára afmæli á árinu og skilaði endurgreiðslum til tjónlausra viðskiptavina upp á 966 m.kr. á árinu 2024. Í máli Hermanns kom fram á að félagið einblíndi á að bæta þjónustu og styðja við gæði og skilvirkni og hafi styrkt útibúanet sitt og stafrænar þjónustuleiðir. Sjóvá skoraði hæst í Íslensku ánægjuvuginni árið 2024, áttunda árið í röð og sem fyrr mældist Sjóvá fyrsta val á tryggingamarkaði og með tryggustu viðskiptavinina skv. könnun Prósents. Sjóvá hlaut viðurkenningar fyrir forvarnarstarf, jafnvægi kynja í stjórnunarstöðum og góða stjórnarhætti. Hermann nefndi sjálfbærniásinn og áherslu á sjálfbærnimál í rekstri árið 2024 og undirbúning fyrir nýja löggjöf frá Evrópusambandinu.

Að lokinni umfjöllun um ofangreind atriði kvaðst Hermann vilja nota tækifærið og þakka stjórn og samstarfsfólki fyrir afar gott og farsælt samstarf. Hluthöfum og viðskiptamönnum þakkaði hann sérstaklega tryggðina um leið og hann bauð nýja velkomna í hópinn.

Þá vék Hermann að ársreikningi ársins 2024. Kvaðst hann ætla að tæpa á helstu atriðum og vísa til skýringa í reikningnum þar sem við ætti. Til að byrja með benti Hermann á að ársreikningurinn hafi verið staðfestur af stjórn félagsins og forstjóra 6. febrúar sl. og þann sama dag hafi endurskoðendur félagsins, KPMG, gefið fyrirvaralaust álit sitt á því að reikningurinn gæfi glögg mynd af afkomu samstæðunnar á árinu og fjárhagsstöðu í árslok. Hermann tók fram

að samstæðan samanstæði af móðurfélaginu Sjóvá-Almennum tryggingum, Sjóvá-Almennum líftryggingum og Sjóvá Forvarnahúsinu.

Rekstarreikningur

Hermann greindi frá því að tekjur af váttryggingasamningum námu 33,6 ma.kr. og hækkuðu um 2,3 ma.kr. eða um 7,4% frá árinu áður. Kostnaður af váttryggingasamningum nam 31,7 ma. og hækkaði um 2,2 ma.kr. Þar af námu tjón ársins 25,1 ma.kr. og hækkuðu um 1,7 ma.kr. eða um 7,2% frá árinu áður. Tjónahlutfall lækkaði úr 74,9% í 74,7% á milli ára. Afkoma af váttryggingasamningum nam 1,3 ma.kr. og dróst saman um 412 m.kr. Fjárfestingatekjur námu 5,5 ma.kr. samanborið við 4,8 ma.kr. árið áður, en afkoma af fjárfestingastarfsemi var afar góð á árinu. Afkoma fjárfestinga eftir fjármagnsliði nam 3,4 ma.kr. og dróst saman um 171 m.kr. Rekstrarkostnaður ársins nam 7,1 ma.kr. samanborið við 6,5 ma.kr. árið 2023 og kostnaðarhlutfallið hækkaði úr 19,6% í 19,7% á milli ára. Afkoma af váttryggingasamningum og fjárfestingum nam 4,7 ma.kr. og hagnaður fyrir tekjuskatt 4,8 ma.kr.

Reiknaður tekjuskattur var 528 m.kr. og hagnaður eftir skatta 4,2 ma.kr. miðað við 4,6 ma.kr. árið áður.

Efnahagsreikningur

Hermann fór yfir efnahagsreikning félagsins. Á árinu 2024 hækkuðu heildareignir úr 69,3 ma.kr. í 75,7 ma.kr. Handbært fé lækkaði úr 3,6 ma.kr. í 1,6 ma.kr. Verðbréf hækkuðu úr 54,3 ma.kr. í 62,6 ma.kr. Benti Hermann á skýringu 14 og 15 um flokkun og gangvirði fjáreigna í þessu sambandi. Hermann benti á að endurtryggingaeignir hafi hækkað úr 1,8 ma.kr. í 2,0 ma.kr. Fram kom að eigið fé nam 25,1 ma.kr. í árslok 2024, en SCR gjaldþolshlutfall sbr. skýringu 25, nemur 1,64 fyrir áætlaða arðgreiðslu, miðað við 1,56 árið áður og verður 1,42 eftir arðgreiðslu. Bent var á að breytingar á eigin fé síðustu tveggja ára komi fram á eiginfjárfirliti á bls. 15 í ársreikningi. Skuldbinding vegna váttryggingasamninga hækkaði úr 36,7 ma.kr. í 41,7 ma.kr. Líftryggingaskuld með fjárfestingaráhættu tryggingartaka lækkaði úr 5,6 ma.kr. í 5,5 ma.kr. milli ára og viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir lækkuðu úr 1,6 ma.kr. í 1,5 ma.kr.

Hermann benti á skýringar, nr. 3, 5 og 27-32 með ársreikningnum, sem fjalla um reikningshaldslegt mat og ákvarðanir, starfspáttayfirlit og áhættustýringu félagsins.

Að lokinni yfirferð Hermanns yfir ársreikninginn opnaði fundarstjóri fyrir umræður og spurningar til þeirra Björgólfs og Hermanns um tvo fyrstu dagskrárliði aðalfundar.

Engar umræður urðu um ársreikninginn og var hann borinn undir fundinn og samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar félagsins á síðastliðnu reikningsári

Fundarstjóri greindi frá tillögu stjórnar sem var sbr. eftirfarandi:

„Stjórn félagsins leggur til að greiddur verði arður sem nemur kr. 2,94 á hlut fyrir rekstrarárið 2024 eða um 3.400 m.kr. Arðsákvörðunardagur er 13. mars 2025 og þar af leiðir að skráðir hluthafar í lok dags 17. mars 2025, sem telst arðsréttindadagur, eiga rétt á arðgreiðslu. Fyrsti viðskiptadagur eftir arðsákvörðunardag er 14. mars 2025 og er hann arðleysisdagur. Útborgunardagur arðs er 27. mars 2025.“

Engar frekari umræður urðu um tillöguna og var hún borin undir fundinn og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

4. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins lögð fram

Fundarstjóri greindi frá því að stjórn félagsins hefði lagt fram endurskoðaða starfskjarastefnu sem stjórnin lagði til að yrði samþykkt.

Fram kom að breytingarnar snerust í meginatriðum að orðalagsbreytingum til skýringar á mismunandi þáttum um kaupauka og kaupréttaráætlun. Þá væri gerð tillaga um ný ákvæði um jafnrétti og um tryggingavernd stjórnar og stjórnenda og fór fundarstjóri yfir tilgang þessara breytinga.

Engar umræður urðu um tillöguna og var hún borin undir fundinn. Einn hluthafi, Vangard FTSE, hafnaði tillögunni en hún var samþykkt með meirihluta greiddra atkvæða.

5. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að engar breytingar væru fyrirhugaðar en viðaukar við samþykktir félagsins yrðu til umfjöllunar seinna á fundinum.

Engar umræður urðu um þennan dagskrárlið.

6. Skýrsla tilnefningarnefndar 2025

Katrín S. Óladóttir formaður tilnefningarnefndar greindi frá störfum nefndarinnar á árinu 2024 en í máli hennar kom m.a. fram að nefndin fundaði fimm sinnum frá aðalfundi 2024 til 14. febrúar 2025. Nefndin gerði starfsáætlun, ræddi verklag og lærdóm frá fyrra ferli. Hún fundaði með forstjóra félagsins og stjórnarmönnum til að fá upplýsingar um rekstur, verkefni og áskoranir félagsins. Nefndin mat störf stjórnarmanna út frá fjölbreyttri þekkingu, hæfni og reynslu. Hún ræddi einnig við stærstu hluthafa um störf stjórnarinnar og tilnefningarnefndarinnar. Nefndin auglýsti eftir framboðum til stjórnar í Kauphöll Íslands og á vefsíðu Sjóvár með frest til 20. janúar 2025.

Gerði Katrín grein fyrir tillögu tilnefningarnefndar um samsetningu stjórnar og að nefndin væri sammála því að leggja til að stjórn félagsins yrði áfram skipuð sömu stjórnarmönnum sem mynduðu sterka og faglega heild og byggju yfir mikilli reynslu og þekkingu.

Að lokkum þakkaði Katrín gott samstarf og kom hún á framfæri sérstökum þökkum nefndarinnar til Pálínar Daggar Helgadóttur fyrir einstaklega gott samstarf og aðstoð við nefndina.

Fundarstjóri bauð fundarmönnum að taka til máls um þennan dagskrárið en enginn kaus að gera það.

7. Kosning stjórnar félagsins

Í framboði til aðalstjórnar félagsins voru eftirtaldir:

- Björgólfur Jóhannsson kt. 280855-3409, Hólatúni 2, 600 Akureyri
- Guðmundur Örn Gunnarsson, kt. 060163-2869, Urðarhæð 2, 210 Garðabæ
- Hildur Árnadóttir, kt. 040866-3459, Funafold 87, 112 Reykjavík
- Ingi Jóhann Guðmundsson, kt. 120169-5729, Mávanesi 25, Garðabæ
- Ingunn Agnes Kro, kt. 270382-3989, Gvendargeisla 110, 113 Reykjavík

Í framboði til varamennsku í stjórn:

- Erna Gísladóttir, kt. 050568-2969, Valhúsabraut 25, 170 Seltjarnarnesi
- Garðar Gíslason, kt. 191066-5539, Smáraflöt 42, 210 Garðabæ

Bauð fundarstjóri fundarmönnum að taka til máls undir þessum lið en enginn kaus að gera það.

Sjálfkjörið var í aðalstjórn og varastjórn.

Þá var gengið til næsta dagskrárliðar.

8. Kosning endurskoðenda/endurskoðunarfélags

Af hálfu stjórnar var það lagt til að KPMG yrði kosið endurskoðunarfélag félagsins til eins árs.

Engar umræður urðu um tillöguna og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

9. Tilnefning nefndarmanna í endurskoðunarnefnd

Stjórn félagsins lagði til að aðalfundur myndi tilnefna Önnu Birgittu Geirfinnsdóttur og Friðrik S. Halldórsson til setu í endurskoðunarnefnd.

Í þessu samhengi var bent á að samkvæmt lögum nr. 3/2006 um ársreikninga ætti félagið að hafa starfandi endurskoðunarnefnd. Í lögnum er kveðið á um að ef nefndarmaður í endurskoðunarnefnd er utanaðkomandi aðili, þá skuli hann vera tilnefndur af aðalfundi.

Engar umræður urðu um tillöguna og var sjálfkjörið í endurskoðunarnefnd.

10. Ákvörðun um þóknun stjórnar félagsins og tilnefningarnefndar

Lagt var til að stjórnarlaun yrðu hækkuð úr kr. 451.000 á mánuði í kr. 467.000 og að laun stjórnarformanns myndu hækka úr kr. 886.000 á mánuði í kr. 917.000. Þá var lagt til að hvorum varamanni skyldi greidd eingreiðsla að upphæð kr. 467.000 í upphafi starfsárs og að auki kr. 161.000 fyrir hvern fund sem hann situr.

Varðandi þóknun nefndarmanna í endurskoðunarnefnd var lagt til að hún yrði kr. 122.000 á mánuði og laun nefndarformanns yrðu kr. 242.000 á mánuði. Þá var lagt til að nefndarlaun í starfskjaranefnd yrðu kr. 25.000 á mánuði og laun nefndarformanns yrðu kr. 50.000 á mánuði. Að endingu var lagt til að þóknun nefndarmanna í tilnefningarnefnd yrði kr. 36.000 á mánuði og kr. 48.000 fyrir hvern fund, auk þess sem formaður fengi 50% álag

Engar umræður urðu um tillögurnar og voru þær bornar undir fundinn og samþykktar með öllum greiddum atkvæðum.

11. Tillaga um heimildir til kaupa á eigin hlutabréfum

Stjórn félagsins lagði til endurnýjun á heimild stjórnar til kaupa á eigin hlutum í félaginu en samkvæmt 9. gr. samþykkt félagsins skal slíkrar heimildar getið í viðauka við samþykktir. Tillagan hljóðaði svo:

„Aðalfundur Sjóvá-Almennra trygginga hf. haldinn 13. mars 2025 veitir stjórn félagsins heimild til að kaupa allt að 115.659.000 eigin hluti í félaginu. Heimild þessi skal nýtt í þeim tilgangi að setja upp formlega endurkaupaáætlun eða til þess að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup á eigin bréfum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum. Hlutabréf sem félagið eignast á grundvelli heimildar þessarar má meðal annars nota í þeim tilgangi að lækka hlutafé eða uppfylla skuldbindingar félagsins samkvæmt kaupréttarsamningum sem gerðir eru við starfsfólk í samræmi við starfskjarastefnu og kaupréttaráætlun félagsins. Heimild þessi stendur í 18 mánuði og takmarkast við að eignarhald félagsins, og dótturfélaga þess, fari ekki umfram 10% af heildarhlutafé félagsins á hverjum tíma. Endurgjald fyrir keypta hluti skal ekki vera hærra en sem nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirliggjandi óháða kauptilboði í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hluti í félaginu fara fram, hvort sem er hærra. Aðrar eldri heimildir til kaupa á eigin hlutabréfum falla úr gildi við samþykkt heimildar þessarar.“

Á fundinum var vísað nánar til greinargerðar stjórnar um tillöguna.

Engar umræður urðu um tillöguna og var hún borin undir fundinn og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

12. Önnur mál

Fundarstjóri bauð fundarmönnum að taka til máls undir þessum dagskrárlið en engin önnur mál höfðu borist. Enginn kaus að taka til máls.

Að svo búnu fól fundarstjóri fundarritara að ganga frá fundargerð en skv. 15. gr. samþykktu félagsins skulu fundarstjóri og fundarritari undirrita fundargerðina og hluthafar eiga aðgang að staðfestu endurriti fundargerðar á skrifstofu félagsins í síðasta lagi fjórtán dögum eftir hluthafafund.

Að lokum þakkaði fundarstjóri fundarmönnum fyrir.

Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 15.45.

Fundarstjóri:

Fundarritari:

Kristín Edwald, hrl.

Ásdís Kjerulf, hdl.

Undirritunarsíða

Kristín Edwald

Ásdís Kjerulf